

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2021, mánudaginn 16. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 14/2021:
Knattspyrnufélagið Ásvellir, kt. 461218-0590
gegn
Ungmennafélagi Álftaness, kt. 630190-1939

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Ásvellir,
kt. 461218-0590
Ásvöllum 1, Hafnarfirði
Fyrirsvarsmaður: Kristinn Aron Hjartarson

Kærði:

Ungmennafélag Álftaness
kt. 630190-1939
Breiðumýri, Álftanesi

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 27. júlí sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. sama dag. Greinargerð barst frá kærða þann 7. ágúst sl.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru að Knattspyrnufélaginu Ásvellir verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna er fram fór þann 26. júlí 2021 í Íslandsmóti karla, 4. deild, C-riðli.

Þá er gerð krafa um að kærða verði gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik liðanna er fram fór þann 26. júlí 2021 í Íslandsmóti karla, 4. deild, C-riðli, hafi lið Ungmennafélags Álftaness verið ólöglega skipað.

Byggir kærandi á því að kærði hafi gert breytingar á leikskýrslu áður en fyrrgreindur leikur hófst og fært leikmanninn Hinrik Þráinn Örnólfsson af lista leikmanna í byrjunarliði vegna meiðsla og sett í hans stað Kristján Lýðsson, sem áður var skráður sem varamaður á leikskýrslu. Við sama tilefni hafi Guðbjörn Alexander Sæmundsson verið færður úr liðsstjórn yfir á lista varamanna.

Byggir kærandi á því að kærða hafi verið óheimilt að gera þær breytingar á leiksskýrslu að færa Guðbjörn Alexander Sæmundsson úr liðsstjórn yfir á lista varamanna og þar sem fyrrgreindur Guðbjörn hafi komið inn á sem varamaður í umræddum leik þá hafi lið kærða verið ólöglega skipað.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til ákvæðis á bls. 20 í Handbók leikja 2021 er fjallar um skráningu úrslita og leikskýrslu sem og greina 9 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst greinargerð frá félaginu þann 7. ágúst sl.

Af hálfu hins kærða félags er aðallega gerð krafa um að málinu verði vísað frá en til vara að kröfum kæranda verði hafnað og til þrautavara að kærði verði úrskurðaður til vægustu viðurlaga sem lög og reglur KSÍ kveða á um að þá til greiðslu sektar allt að kr. 50.000.

Af hálfu kærða er aðallega byggt á því að sá laga- og reglugrundvöllur sem kærandi byggir málið á og vísi til í kæru sinni eigi ekki við í málinu þar sem allar breytingar beggja liða á skýrslu hafi verið gerðar fyrir upphaf leiks og áður en dómara var skilað skýrslunni. Kæran sé því bæði tilefnis- og tilhæfulaus. Þá byggir kærði á því að almenn vísan kæranda til 9. gr. sé svo ónákvæm að ómögulegt sé fyrir kæranda að átta sig á til hvers kærandi sé nákvæmlega að vísa og þar með sé honum gert ómögulegt að hafa uppi fullnægjandi vörnum í málinu.

Um varakröfu sína vísar kærði til sömu sjónarmiða og um aðalkröfu sína. Byggir kærði á því að ekkert í reglum KSÍ komi í veg fyrir að gerðar séu breytingar á liðskipan liðs frá forskráðri skýrslu áður en leikskýrsla er undirrituð og henni skilað til dómara. Er ítrekað af hálfu kærða að engar breytingar hafi verið gerðar á skýrslunni eftir að henni var skilað undirritaðri til dómara. Þá bendir kærði á að allir þeir hlutaðeigandi leikmann hafi verið hlutgengir og löglegir til þátttöku í umræddum leik, sbr. 3. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Þá er af hálfu kærða byggt á því að öll bannákvæði í reglum KSÍ verði að vera skýr og ótvíræð og hafa skýra lagastoð í reglum KSÍ, ekki sé nægjanlegt að vísa til handbókar varðandi útfyllingu leikskýrslu.

Um þrautavarakröfu sína vísar kærði til gr. 36.1 í reglu gerð KSÍ um knattspyrnumót. Kærði hafi ekki haft neinn ásetning til að hafa rangt við, dómari hafi verið upplýstur um

breytingar skýrslu og tekið við henni án athugasemda og að allir hlutaðeigandi leikmenn hafi verið hlutgengir og löglegir til þátttöku. Gæta verði meðalhófs og bæta vægustu úrræðum. Þá bendir kærði á að ekkert í lögum KSÍ mæli fyrir um skyldu til að úrskurða um leik tapaðan 3-0 og því nægjanleg refsing að mati kærða að beita einungis sekt skv. framangreindu.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnufélagið Ásvellir kært Ungmennafélag Álftaness fyrir að nota ólöglega leikmenn í Íslandsmóti karla, 4. deild, C-riðli. Felst í því að kærandi telur Ungmennafélag Álftaness hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Er málatilbúnaður kæranda fyrst og fremst byggður á reglum um breytingu á leikskýrslu sem er að finna í handbók leikja 2021, sem samþykkt var af stjórn KSÍ 18. febrúar 2021. Er fyrrgreind handbók samþykkt af stjórn KSÍ með vísan til gr. 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar kemur fram að stjórn KSÍ geti sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót og framkvæmd leikja. Verða umræddar reglur, sem finna má í handbókinni, því taldar hafa næga lagastoð.

Af hálfu kæranda er byggt á því að þegar byrjunarliði kærða var breytt á leikskýrslu hafi kærða eingöngu verið heimilt að setja í stað þess varamanns sem færðist yfir í byrjunarlið, leikmann sem ekki var áður skráður á upphaflega leikskýrslu, sbr. fyrrgreindar reglur í handbók KSÍ. Þar sem Guðbjörn Alexander Sæmundsson hafi verið á leikskýrslu í liðsstjórn en síðar verið færður yfir á lista varamanna þá hafi verið brotið gegn framangreindum reglum. Af því leiði að Guðbjörn hafi verið ólöglegur í leiknum og lið kærða því ólöglega skipað.

Í málinu liggur fyrir að breytingar voru gerðar á leikskýrslu, bæði af hálfu kæranda og kærða, frá upphaflegu forskráðu leikskýrslunni. Þær breytingar voru skilmerkilega færðar inn á leikskýrsluna og hún undirrituð af fyrirlíðum og forráðamönnum beggja liða. Var skýrslunni þannig skilað til dómara áður en leikur hófst.

Þá liggur enn fremur fyrir í málinu að engar breytingar voru gerðar á skýrslunni eftir að henni var skilað útfylltri og undirritaðri til dómara leiksins og áður en leikurinn hófst. Þegar af þeirri ástæðu eiga fyrrgreindar reglur handbókar KSÍ, sem kærandi byggir málatilbúnað sinn á, ekki við í málinu enda gilda þær eingöngu um breytingar á leikskýrslu eftir að henni hefur verið skilað til dómara og áður en leikur er hafinn. Þá verður ekki séð að málatilbúnaður kæranda fái nokkra stoð í 9. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þá liggur ekkert annað fyrir í málinu sem getur skotið stoðum undir það að lið kærða hafi verið ólöglega skipað í skilningi gr. 36.1 í reglum KSÍ um knattspyrnumót í umræddum leik

Af framangreindu leiðir að fallast ber á varakröfu kærða og hafna kröfum kæranda í málinu.

V.

Úrskurðarorð:

Kröfum Knattspyrnufélagsins Ásvellir er hafnað.

VI.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]